

Ed.

149. Nefndarálit

[16. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, hefur verið rætt í sjávarútvegsnefnd og var sent eftirtöldum aðilum til umsagnar: A.S.Í., L.Í.Ú., Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sjávarafurðadeild S.Í.S., Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og A.S.V. Tveir hinir síðasttöldu aðilar sendu ekki svör, en hinir svörðu allir og mæltu með samþykkt frumvarpsins, en raunar kom fram af svari sumra, að þeir mæltu með samþykkt frumvarpsins, af því að ríkisvaldið léti ekki aðra kosti fala um sinn til þess að leysa úr rekstrarkreppu útvegs og fiskiðnaðar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins, svo sem fram kemur af nefndarálitum. Undirritaðir nefndarmenn líta svo á, að tillögugrein frumvarpsins samrýmist ekki tilgangi Verðjöfnunarsjóðs, svo sem hann er skilgreindur í lögum hans, eða eins og 1. gr. laganna hljóðar:

„Stofna skal sjóð, er nefnist Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins. Hlutverk sjóðsins er að draga úr áhrifum verðsveiflna, er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins.“

Varla verður það misskilið af lögum um Verðjöfnunarsjóð, að hann er stofnaður af framlögum sjómanna, útgerðar og fiskiðnaðar og því í raun eign þeirra, deilda-skipt eftir tegundum afurða.

Við teljum, að í ákvæði til bráðabirgða í 1. gr. frv. felist fordæmi, sem ekki megi lögfesta, ef Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins á í framtíðinni að koma að því gagni, sem til var ætlaðt í upphafi og var grundvallaratriði fyrir stofnun hans, þ. e. að hann verði einvörðungu notaður til verðjöfnunar, ef tímabundnar verðlækkningar verða á erlendum markaði á þeim tegundum sjávarafurða, sem lagt hafa sjóðnum til fé samkv. 5. gr. gildandi laga um sjóðinn. Við teljum ekki, að sjóðnum hafi verið ætlað það hlutverk að verða hagstjórnartæki ríkisstjórna við ákvörðun á rekstrargrundvelli sjávarútvegsins eða fiskiðnaðarins og fjármagn þannig veitt úr sjóðnum til þess að leysa heimatilbúinn vanda að meira eða minna leyti.

Við teljum, að umsögn L.Í.Ú. skýri viðhorf stjórnar og eigenda Verðjöfnunarsjóðsins, og getum við eins og þeir eftir atvikum fallizt á, að eins og málum er komið verði að koma til framlag úr sjóðnum til að koma í veg fyrir stöðvun útvegs og fiskvinnslu fram til næstu áramóta, en föllumst ekki á, að það verði gert í því formi, sem frv. gerir ráð fyrir, og leggjum því til svofellda

BREYTINGU:

Við síðasta málslið í ákvæði til bráðabirgða í 1. gr. frv. bætist: og ábyrgist ríkisstjórnin, að framlagið nú sé sem lán og endurgreiðist sjóðnum með venjulegum útlánsvöxtum banka á næsta ári, eftir því sem um kann að semjast milli hennar og stjórnar sjóðsins.

Alþingi, 8. des. 1972.

Jón Árm. Héðinsson,  
frsm.

Oddur Ólafsson.